

Minnisblað til fjölskylduráðs 7.október 2021

Staðfesting á veittri þjónustu.

Stuðningsþjónusta á heimili:

Á heimilum þjónustuþega hefur verið komið fyrir auðkenni. Starfsmenn stimpla sig inn og út af heimili með vinnusímum sínum. Í þeim tilfellum sem auðkenni virkar ekki eða þjónustuþegi ekki viljað hafa auðkenni á heimili sínu, skrá starfsmenn handvirkt. Mánaðarlega er farið yfir skráningu og innheimt gjald fyrir þjónustu sem er gjaldskyld.

Stuðningsþjónusta í formi liðveislu:

Síðan haustið 2018 skrá liðsmenn tíma sína, útlagðan kostnað og kílómetra sem eknir hafa verið á tímabilinu. Útlagður kostnaður er að hámarki kr. 5.000.- þegar notandi er barn en kr. 6.000.- þegar notandi er fullorðinn einstaklingur. Hámark kílómetrafjöldi er 100 km á tímabilinu.

Ráðgjafar gera þjónustusamning með notanda og starfsmanni þar sem fram kemur hversu margir tímar er um að ræða. Í lok tímabils er borið saman fjöldi tíma sem skráður er í vinnustund með fjölda tíma sem samþykktir hafa verið á afgreiðslufundi. Óskað hefur verið eftir samvinnu notanda/foreldra og forráðamanna barna sem njóta liðveislu við að fylgjast með fjölda tíma sem nýttir eru.

Stuðningsþjónusta í formi tilsjónar:

Ráðgjafar gera þjónustusamninga með notanda og starfsmanni þar sem skráður er fjöldi tíma, tímabil sem verkefninu er ætlað að vara og hvað þjónustan beinist að. Starfsmenn í tilsjón skrá vinnutíma í vinnustund og er á sama hátt og með liðveislu borið saman samþykktir tímar með því sem starfsmenn skrá.

Stuðningsfjölskylda:

Gerður er samningur um stuðningsfjölskyldu við foreldra barns og einstaklinga sem ætla að taka að sér að veita foreldrum stuðning. Í samningi kemur fram um hversu margir sólarhringar á mánuði eru samþykktir. Fjárreiðudeild greiðir mánaðarlega umsamdar upphæðir til stuðningsfjölskyldu. Samningar við stuðningsfjölskyldu eru að, öllu jöfnu, endurnýjaðir við áramót. Samskipti ráðgjafa við stuðningsfjölskyldu og foreldra barns sem nýtur þjónustunnar eru ekki með reglubundnum hætti yfir árið, en áður en að samningur er endurnýjaður er alltaf haft samband við aðila samningsins.

Skammtímadvalir:

Þjónusta við börn og fullorðna einstaklinga í skammtímadvölum er skráð og forstöðumenn senda mánaðarlega ársskýrslur samtímis og reikningur vegna þjónustu er sendur, til deildarstjóra stuðnings- og stoðþjónustu.

Stoðþjónusta í formi utankjarnaþjónustu:

Samþykkt þjónusta í formi utankjarnaþjónustu er skráð í Navision. Forstöðumenn senda ársskýrslur mánaðarlega til deildarstjóra stuðnings- og stoðþjónustu. Verið er að vinna að nýjum ferli um utankjarnaþjónustuna með forstöðumönnum búsetukjarnanna sem um ræðir og ráðgjöfum í málefnum fatlaðs fólks ásamt deildarstjórum stuðnings- og stoðþjónustu og þróunar og þjónustu í málefnum fatlaðs fólks.

NPA samningar og beingreiðslusamningar

Samningar um NPA þjónustu og beingreiðslusamninga eru skráðir í Navision. Í samningum kemur fram fjöldi tíma og tímabil sem samningur er samþykktur. Fjarreiðudeild greiðir mánaðarlega umsamdar fjárhæðir til umsýsluaðila. Í lok árs er umsýsluaðilum gert að endurgreiða fé sem ekki er nýtt í þjónustuna við notandann.

Vinnuúrræði fatlaðs fólks:

Upplýsingar um fjölda tíma sem fatlað fólk er í vinnuúrræði í öðrum sveitarfélögum er sent mánaðarlega, samtímis og reikningur vegna þjónustunnar, til deildarstjóra stuðnings- og stoðþjónustu.

Sumarúrræði fatlaðra barna í Klettaskóla:

Umsóknir um fjölda vikna í sumarúrræði eru lagðar fyrir afgreiðslufund stuðnings- og stoðþjónustu til samþykktar. Upplýsingum um samþykktum fjölda vikna er sent forstöðumanni úrræðisins. Forstöðumaður sendir upplýsingar um fjölda vikna sem börnin nýta yfir sumarið, samtímis og reikningur vegna þjónustunnar, til deildarstjóra stuðnings- og stoðþjónustu.

Eftirskólaúrræði í Klettaskóla

Upplýsingar um fjölda klukkustunda sem hvert barn í Klettaskóla nýtir sér í eftirskólaúrræði kemur fram í skýrslum sem sendar eru samtímis sem og reikningar fyrir úrræðið.



Félagsleg liðveisla:

Félagsleg liðveisla eða stuðningsþjónusta er veitt í samræmi við lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum og í vissum tilfellum lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, reglum um stuðningsþjónustu við börn og fjölskyldur þeirra, 1. desember 2020 og reglur um liðveislu fatlaðs fólks í Hafnarfirði/2004.

Félagsleg liðveisla felur í sér stuðning í ákveðinn fjölda klukkustunda á mánuði að hámarki 60 tíma á mánuði eða 15 tíma á viku. Ef um fötlun er að ræða getur stuðningur verið í fleiri klukkustundir á mánuði í samræmi við lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr.38/2018.

Markmið félagslegrar liðveislu hefur fyrst og fremst verið að rjúfa félagslega einangrun. Önnur markmið eru meðal annars fylgd í þriðja stigs þjónustu eins og til talmeinafræðings, í sjúkrahjálfun og fleira. Liðveislan nýtist einnig sem stuðningur við einstaklinga í félagsstarf við hæfi og iðkun íþróttar.

Tölulegar upplýsingar um liðveislu:



Starfsmenn í liðveislu:

Fjöldi starfsmanna sem eru á skrá sem liðsmenn er 123. Ekki allir liðsmenn sem eru á lista eru starfandi og verið er að yfirfara listann og taka út þá starfsmenn sem ekki lengur eru starfandi. Samtímis er haft samband við starfandi liðsmenn og áhugi þeirra fyrir að bæta við sig verkefnum kannaður með það að markmiði að eyða biðlista.

Virðingarfyllt,

Sjöfn Guðmundsdóttir
Deildarstjóri stuðnings- og stoðþjónustu
Fjölskyldu- og barnamálasvið